

Fundargerð

222. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn miðvikudaginn 24. nóv. 2021 á Hótel Seli í Mývatnssveit

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp, samþykkt og undirrituð
2. Auto ehf, Setbergi í Svalbarðsstrandarhreppi, hreinsunaraðgerðir

Alfreð Schiöth framkvæmdastjóri skýrði frá aðgerðum þann 2. nóv. s.l. sem fólust í því að fjarlægja 17 númerslausar bifreiðar í eigu Auto ehf að Setbergi í Svalbarðsstrandarhreppi með aðstoð lögreglu. Aðgerðum til hreinsunar á lóðinni verður haldið áfram eftir því sem þörf krefur og í samræmi við dómsúrskurð og aðfararbeiðni þar um. Markmiðið er að hreinsa athafnasvæði Auto ehf norðan, vestan og sunnan við hús að Setbergi og bæta þannig ásýnd svæðisins.

3. Staða deiliskipulagstillögu Skútabergrs ehf í Svalbarðsstrandarhreppi

Alfreð Schiöth framkvæmdastjóri skýrði frá stöðu mála varðandi deiliskipulag sem gerir ráð fyrir 12 ha geymslusvæði suðvestan við núverandi athafnasvæði Skútabergrs á Moldhaugahálsi í Hörgársveit. Tillaga að endurskoðuðu deiliskipulagi og skipulagslýsingu vegna tilheyrandi aðalskipulagsbreytingu verður vísað í formlegt kynningar- og auglýsingaferli á næstunni. Gert er ráð fyrir að jarðvegsmön verði komið upp til að byrgja innsýn á svæðið. Vonast er til að nýtt geymslusvæði bæti ásýnd athafnasvæða á vegum Skútabergrs ehf.

4. Loftslagsáætlanir, græn skref og aðgerðaráætlanir ríkisstofnana

Alfreð Schiöth skýrði frá skyldum ríkisstofnana um að móta sér loftslagsstefnu og aðgerðaráætlanir í umhverfismálum og innleiðingu grænna skrefa. Fyrir liggja ýmsar leiðbeiningar frá Umhverfisstofnun og Alfreð gerði tillögu um að heilbrigðisnefnd skapi ákveðið fordæmi og samþykki eigin umhverfisstefnu í anda umræddra leiðbeininga og var eftirfarandi tillaga samþykkt einróma:

Aðgerðaráætlun heilbrigðisnefndar í umhverfis- og loftslagsmálum:

Samgöngur:

Heilbrigðisnefnd stefnir að því að lagmarka notkun á jarðefnaeldsneyti með því að skipta út eldri bifreiðum Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra (HNE) í nýja rafdrifna bíla. Þessi breyting kemur að fullu til framkvæmdar á Akureyrarskrifstofu þann 1. jan. 2022. Á Húsavíkurskrifstofu er í notkun tvinnbifreið sem verður skipt út fyrir rafdrifna bifreið í lok árs 2022. Þannig verður allur daglegur akstur Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra á rafdrifnum bílum og farartæki knúin jarðefnaeldsneyti eingöngu notuð í undantekningartilfellum, s.s. vegna ófærðar eða ferða á torfærum leiðum. Þá hefur orðið sú þróun á Covid tímum að fræðslu- og vinnufundir eru í auknum mæli framkvæmdir í fjarfundabúnaði og er stefnt að því að halda því verklagi áfram og lagmarka þannig þörf á ferðalögum um lengri eða skemmri veg. Helstu samstarfsaðilar HNE eru Umhverfisstofnun, Matvælastofnun og Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi og í þeim samskiptum nýtist fjarfundabúnaður afar vel.

Innkaup og þjónustukaup:

Heilbrigðisnefnd leggur áherslu á umhverfisvæn innkaup og að velja umhverfismerktar vörur og þjónustu umfram annað; jafnframt því að draga úr kaupum á óþarfa og velja vandaða vöru sem er líkleg til að endast vel. Þá skal horfa til leiðbeininga Umhverfisstofnunar um Græn skref og vistvæn innkaup.

Orkunotkun:

Fara skal vel með orku og hafa orkusparnað í heiðri, s.s. hvað varðar heitavatnsnotkun og notkun á rafmagni til lýsingar og annars rekstur á skrifstofuhúsnæði HNE.

Úrgangur:

Draga skal úr myndun úrgangs og efla flokkun og endurvinnslu á þeim úrgangi sem fellur til og nota rafræn samskipti eftir því sem kostur er og draga þannig úr prentun á pappír og takmarka litprentun. Þá skal draga úr matarsóun á kaffistofum og haga innkaupum á matvöru þannig að kolefnisspor verði lagmarkað.

Fræðsla og kynningar:

Hvetja skal til aukinnar umhverfismeðvitundar í samfélaginu og beita fræðslu og hvatningu til góðra verka í umhverfismálum, s.s. gagnvart almenningi, sveitarstjórnnum, samstarfsaðilum, viðskiptavinum og efla innra umhverfisstarf á starfsstöðvum HNE á Akureyri og Húsavík. Slíkt samstarf getur varðað Grænt bókhald, framkvæmd Grænna skrefa og kolefnisjöfnun vegna samgangna, úrgangs og orkunotkunar á hverju ári. Aðgerðaráætlun heilbrigðisnefndar í umhverfis- og loftslagsmálum skal endurskoða árlega.

Umsagnir:

1. Umsögn vegna breytinga á aðalskipulagi Skútustaðahrepps og deiliskipulag Skjólbrekku vð Skútustaði
2. Umsögn til Norðurþings vegna bygginga að Höfða 10, 640 Húsavík, vinnsluhús og starfsmannaaðstaða
3. Umsögn í framhaldi af skoðun á húsnæði Vegargerðar ríkisins að Haukamýri 7, 640 Húsavík vegna gruns um leka og myglu

Jóhannes Haukur Hauksson heilbrigðisfulltrúi kynnti umsagnir undir lið 1,2 og 3.

Umsóknir um starfsleyfi:

1. Leikskólinn Krílakot kt. 620598-2089, Karlsrauðatorgi 23, 620 Dalvík, endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára.**
2. Kaffiboozt ehf, kt. 691020-0610, Glerártorgi, 600 Akureyri, kaffihús og skyrbar. **Samþykkt til 12 ára.**

3. Íþróttamiðstöð Skútustaðahrepps, kt. 600269-1009, Hlíðarvegi 660 Mývatn, endurnýjun vegna breytinga. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
4. Birkilauf ehf, kt. 590617-1210, Birkilandi 15 660 Mývatns, gistipjónusta . **Afgreiðslu frestað.**
5. Valsárskóli kt. 681088-3939, Svalbarðsstrandarhreppi, grunnskóli og leikskóli, endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára.**
6. Sykurverk ehf kt. 450393-3129 Strandgötu 3 600 Akureyri, endurnýjun vegna breytinga á húsnæði. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
7. Slysavarnarfélagið Landsbjörg kt. 560492-2139 Skógahlíð 105 Reykjavík, skotstjóranámskeið á Húsavík við brennustæði ofan bæjarins, umsókn um tímabundið starfsleyfi þann 11. des. 2021. **Samþykkt.**
8. Giljaskóli á Akureyri kt. 410169-6229, v/Kiðagil 603 Akureyri, endurnýjun (grunnskóli). **Samþykkt til 12 ára.**
9. Byggðavellir ehf kt. 580319-0840 Hafnarstræti 100/401 600 Akureyri, útleiga á íbúð. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
10. Ræktunarsamband Flóa og Skeiða kt. 410693-2169 Kröfluvirkjun 660 Mývatn, jarðborun fyrir niðurrennsli frá Kröfluvirkjun. **Samþykkt.**
11. Orkan IS ehf kt. 680319-0730, Borgartúni 26 105 Reykjavík, vegna Extra, þ.e. matvöruverslun í Kaupangi 600 Akureyri, endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára.**
12. SA339 kt. 670821-1100 Hafnargötu 6 621 Dalvík, veitingahús með árstíðabundna opnun. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
13. Crossing the line ehf, kt. 520516-1230 Arnarfelli II Eyjafjarðarsveit 600 Akureyri, ræktun, þurrkun og pökkun á hampi (laufum) í te pakkningar. **Afgreiðslu frestað.**
14. Skeljungur IS ehf kt. 630921-2010, bátadætur á Húsavík og Árskógsströnd (aðilaskipti, áður Skeljungur hf, kt. 590269-1749). **Samþykkt til 12 ára.**
15. Orkuveita Húsavíkur kt. 640169-5599 Ketilsbraut 7-9 640 Húsavík, vatnsból og vatnsveita fyrir Bakka (upphaflega hugsað sem vatn til brunavarna). **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
16. Bónus kt. 450199-3389, Norðurtorgi Akureyri, 600 Akureyri, matvöruverslun án vinnslu. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
17. Leikskólinn Klappir kt. 410169-6229 v/Höfðahlíð, 7 deilda skóli, ætlaður fyrir 144 börn. **Samþykkt til 12 ára.**
18. Heilbrigð húð kt. 081189-3199 Kaupangi v/Mýrarveg 600 Akureyri, snyrtistofa og sala á snyrtivörum. **Samþykkt til 12 ára.**
19. Multitasking Orka ehf kt. 440618-0650 Kaupvangsstræti 1 600 Akureyri, Sogæðameðferðir, tannhvíttun og heilun. **Samþykkt til 12 ára.**

Önnur mál:

1. Sjafnarnes í Akureyrarbæ. Umræða varð um mkilvægi þess að bæta umgengni á athafnasvæðum Skútabergrs og Akureyrarbæjar í Sjafnarnesi. Væntingar eru um að Skútabergr geri gagngerar úrbætur hvað varðar að fjarlægja lausamuni og brotajárn af athafnasvæðum fyrirtækisins í Sjafnarnesi samhliða uppbyggingu á vönduðu geymslusvæði í Hörgársveit og að Akureyrarbær hreinsi upp gler- og múrbrotshauga í Sjafnarnesi skv. samkomulagi við Skútabergr.
2. Glérárós í Akureyrarbæ. Umræða varð um mikilvægi þess að Akureyrarbær framfylgi skipulagsákvæðum varðandi athafnasvæði Finns

ehf sunnan við Glerárós; um er að ræða umfangsmikla efnishauga og á stundum vinnslu á malbiksbrotum án tilskilinna leyfa. Ásýnd svæðisins er slæm og starfseminni fylgir ryk og önnur óþægindi fyrir nággranna.

- Þá varð umræða um mikilvægi þess að sveitarfélög geri kröfu um að eigendur eða umráðamenn gáma í langtímastöðu afli sér stöðuleyfis hjá viðkomandi sveitarfélagi í samræmi við reglur þar um. Í þessu sambandi er hvatt til þess að sveitarfélögin taki saman yfirlit yfir fjölda gáma sem er í langtímastöðu án þess að hafa tilskilin stöðuleyfi.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 15.20

Jón Ingi Cæsarsson

Alfreð Schiöth

Jóhann Gunnar Kristjánsson

Þórey Agnarsdóttir

Guðmundur Smári Gunnarsson

Steinn Oddgeir Sigurjónsson

Kristín Halldórsdóttir

Jóhannes Haukur Hauksson